

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 279/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurði Pétri Sigurðssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Hegningarauki. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af ákærða með stefnu 15. júlí 1996. Í yfirlýsingu ákærða um áfrýjun er vísað til a-, b-, c- og d-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara, að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði milduð.

Ákærvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sakfelling ákærða.

Ákærði hlaut dóm 18. september 1995 vegna brota á umferðarlögum, en brotið, sem hann er nú sóttur til saka fyrir, var drýgt 18. ágúst sama ár. Verður refsing því tiltekin samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á hinn bóginn er um ítrekun að ræða vegna dóms 13. mars 1995 fyrir brot á 244. gr. og 246. gr. sömu laga, en sá dómur var staðfestur með dómi Hæstaréttar 12. október 1995. Með þessari athugasemd verður staðfest refsíákvörðun héraðsdóms svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Pétur Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,

25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1996.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. maí sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. apríl sl., og birtu 2. þ. m., á hendur Sigurði Pétri Sigurðssyni, Unufelli 20, Reykjavík, kt. 301071-4349, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 18. ágúst 1995 brotist inn í veitingastaðinn Kaffibarinn, Bergstaðastræti 1, Reykjavík, og stolið 12 áfengisflöskum og 21 vindlingalengju, öllu að verðmæti 87.680 kr., og 30.000 krónum í reiðufé.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði hefur ekki gengist við sakargiftum. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Hinn 18. ágúst sl. var lögreglunni tilkynnt um mann á leið út um glugga að Bergstaðastræti 1. Var maðurinn sagður klæddur ljósum bol, svörtum leðurjakka og bláum gallabuxum, 20–25 ára, ljóshærður, með hvíta innkaupapoka í höndum. Lögreglumenn, sem staddir voru í vesturborginni, fengu boð frá stjórnstöð kl. 5.22, hröðuðu sér á vettvang, gerðu frumathuganir á vettvangi og höfðu samband við rannsóknarlögreglu. Lögreglumenn, sem voru í grenndinni, handtóku ákærða eftir lýsingunni á Skólavörðustíg, skammt frá Hegningarhúsinu. Ákærði neitaði sakargiftum, en var hnepptur í hald. Í vörslum ákærða fundust 1.200 krónur í fimmtíu króna peningum, sem hann sagðist hafa unnið í spilakassa, hann ætti ekki aðra peninga. Síðan fundust 34.900 krónur í seðlum, faldar í jakkaermi, sem ákærði kvaðst ekki geta gert grein fyrir. Hvítir innkaupapokar fundust innan á buxnastræng og glerskeri. Gluggi á áfengisgeymslu á 2. hæð reyndist hafa verið spenntur upp. Veitingamaðurinn kvaðst sakna 12 áfengisflaskna, 21 vindlingalengju og peninga. Hann kvað hafa verið í afgreiðslukassa m. a. um það bil 1.000 krónur í 50 króna mynt og 30.000 krónur í seðlum. Hvorki fannst af þýfinu áfengi né tóbak.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. ágúst 1995 kvaðst ákærði hafa haft seðlana í vasa innan á jakka og fengið þá fyrir ljósmyndavél. Glerskerann kvaðst hann hafa fundið á förnum vegi.

Ákærði segist hafa verið að koma úr kveðjuhöfi á Þórsgötu hjá vini sínum, sem var á leið til útlanda, þegar lögreglan handtók hann. Hann kannast

við að hafa verið með plastpoka í buxnastræng. Hann kannast við að hafa verið með skiptimynt og segist hafa unnið hana í spilakassa. Hann segist hafa verið með 34.900 krónur í vasa, en ekki minnst þess, að féð hafi verið falið í jakkaermi. Um spor, sem fannst á vettvangi, segist hann telja ólíklegt, að það sé eftir sína skó, og vilja sjá óyggjandi sönnun þess. Hann bendir á, að skór sínir séu af algengri skótegund.

Ákærði skýrði lögreglu svo frá, að hann hefði setið að sumbli heima hjá vini sínum á Þórsögötu, þar til skömmu áður en hann var handtekinn. Lögreglan hafði samband við pilt, sem þar býr, og sagði hann ákærða hafa farið þaðan fyrir miðnætti og ekki komið aftur, svo að við yrði vart. Ekki tókst að ná piltunum tveimur, sem ákærði var með á Þórsögötu, til formlegrar skýrslutöku sökum dvalar þeirra á ókunnum stöðum erlendis. Ákærði sagðist hafa komið við hjá fyrrum sambýliskonu sinni á Freyjugötu á leið sinni að Skólavörðustíg, en stúlkan sagði lögreglu, að ákærði hefði ekki komið þar. Ákærði var nýskilinn við stúlkuna, en hún kannaðist ekki við, að hann hefði átt ljósmyndavél.

Auk ákærða hafa þrír lögreglumenn og sjónarvottur borið vitni fyrir dómnum.

Sjónarvotturinn, kona á áttæðisaldri, segist ekki þora að fullyrða, að ákærði sé sá, sem hún sá brjótast inn. Hún kveður þjófinn hafa verið á skyrtunni, þegar hún sá hann fyrst, en síðan í dökkri yfirhöfn og tekur til þess, hversu fimlega hann hafi farið að.

Í yfirheyrslum yfir lögreglumönnunum kom fram, að lögreglumaður sá, sem kom fyrstur á vettvang, hafði samband við tilkynnanda og kallaði út lýsingu á þjófum eftir framburði hennar. Var ákærði handtekinn á grundvelli lýsingarinnar, og þegar komið var með hann á vettvang, reyndist lýsingin koma heim við hann. Lögreglumaðurinn, sem skýrsluna gaf, skoðaði skó ákærða og segir sólana hafa verið með sama mynstri og ógreinilegt skófar, sem fannst á vettvangi.

Samkvæmt frumskýrslu var ákærði lítills háttar ölvaður, en í varðstjóra-skýrslu er hann sagður hafa verið mjög ölvaður. Ákærði segist hafa verið talsvert ölvaður. Sjónarvotturinn sá þjófinn ekki skjögra og gat ekki greint á honum ölvunareinkenni. Lögreglumennirnir segjast ekki muna, hvort ákærði var ölvaður.

Sakaferill Sigurðar Péturs hófst árið 1989, þegar hann var 17 ára, og hefur verið samfelldur frá upphafi. Frá 18 ára aldri hefur hann sætt refsingum níu sinnum, þar af skilorðslausri frelsissviptingu samtals í 20 mánuði, fyrir þjófnaðarbrot, ólöglega meðferð fundins fjár, fjárdrátt, líkamsárás, húsbrot og ölvunarakstur, sviptingarakstur og fleiri umferðarlagabrot. Hann hefur

auk þess einu sinni sætt sektarrefsingu fyrir fíkniefnabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og fjórum sinnum fyrir umferðarlagabrot. Hinn 13. mars 1995 var ákærði dæmdur m. a. fyrir brot gegn 246. gr. alm. hegningarlaga fyrir ólöglega meðferð þýfis, áfengis og vindlinga, úr innbroti í Kaffibarinn á Bergstaðastræti 26. júní 1994, en ekki sannaðist, hver stal.

Við úrlausn málsins þykir mega leggja eftirfarandi til grundvallar: Sjónarvottur gaf lögreglu greinargóða lýsingu á þjófnum. Ákærði var handtekinn í næsta nágrenni innbrotstaðarins skömmu síðar. Lýsing sjónarvottsins reyndist eiga við hann. Hann hafði falið á sér fé í seðlum, er samsvaraði sem næst þeirri fjárhæð, sem saknað var. Hann gat ekki gert grein fyrir þessu fé, þegar það fannst, og hefur síðan ekki gert sennilega grein fyrir, hvernig hann fékk það. Fyrrum sambýliskona gat ekki staðfest við lögreglu frásögn hans um öflun fjárins. Hann var með óeðlilega mikið af mynt á sér, allt í sömu mynteiningu, en sá, sem misgert var við, taldi þess konar mynt að svipaðri fjárhæð hafa verið tekna. Ákærði var með innbrotsverkfæri í fórum sínum. Skýringar ákærða þykja ekki fallnar til að draga úr líkum á sekt hans. Ákærði hefur orðið margsaga um ferðir sínar innbrotsnóttina, og fólk, er hann þykist hafa verið samvistum við um það leyti, sem innbrotið var framið, hefur ekki getað veitt honum fjarvistarsönnun. Þegar þessi atvik eru metin, þykir fullsannað, að ákærði hafi tekið hina stolnu muni, eins og lýst er í ákæru. Ber því að refsa honum fyrir auðgunarbrot, sem þykir réttilega heimfært undir 244. gr. hegningarlaga.

Sönnunarmatið byggist á munnlegum skýrslum ákærða og vitna, en einnig á rannsóknargögnum, sbr. 3. mgr. 48. gr. og 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991.

Við ákvörðun refsingar þykir bera að fara eftir ákvæðum 71. gr., 78. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga, en brot ákærða er önnur ítrekun auðgunarbrot. Samkvæmt þessu þykir refsing hæfilega ákveðin sjö mánaða fangelsi. Dómur í máli þessu er hegningarauki við 60 daga varðhald fyrir ölvunar- og sviptingarastur og fleiri umferðarlagabrot samkvæmt dómi 18. september sl., sem var staðfestur með dómi Hæstaréttar 12. október sl. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Pétur Sigurðsson, sæti sjö mánaða fangelsi og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 50.000 kr., og saksóknarlaun, 50.000 kr., í ríkissjóð.